

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. október 2014

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar um mótun viðskiptastefnu Íslands á þingskjali 23. Félag atvinnurekenda tekur undir nauðsyn þess að móta viðskiptastefnu sem hafi að markmiði að jafna samkeppnisstöðu íslenzkrar verzlunar gagnvart erlendri og lækka vöruverð í landinu. Félagið telur að í litlu, opnu hagkerfi sem á jafnmikið undir millirikjaviðskiptum og það íslenzka eigi innflutningur að vera sem frjálsastur og sem minnstar hömlur lagðar á hann. Það er hins vegar ekki reyndin.

FA fagnar eindregið þeim áformum sem fram koma í stjórnarfrumvarpi um afnám vörugjalda og breytingu á virðisaukaskattskerfinu, að afnema vörugjöld. Vörugjöldin eru ranglát og tilviljanakennd skattheimta, sem mismunar vöruflokkum og atvinnugreinum og skekkir verðmyndun. Afnám þeirra er jafnt verzluninni í landinu og neytendum til hagsbóta og mun vafalaust stuðla að því að til dæmis verzlun með ýmis raftæki færir í auknum mæli inn í landið og skapar störf og veltu innanlands og þar með tekjur fyrir ríkissjóð.

Félagið telur að þótt afnám vörugjaldanna sé stór áfangi eigi að ganga lengra og draga verulega úr þeirri vernd innlendrar framleiðslu sem felst í álagningu hárra tolla. Þetta á fyrst og fremst við um landbúnaðarafurðir. FA tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni, að viðleitni til að semja um gagnkvæmar tollaívilnanir í alþjóðasamningum á ekki að girða fyrir að íslenzk stjórnvöld lækki álögur einhliða og án gagnkvæmra ívilnana.


Ýmsar landbúnaðarafurðir eru fluttar hingað til lands án teljandi tolla vegna þess að þær eru ekki í samkeppni við neina innlenda framleiðslu. Þetta á við um til dæmis ýmsa ávexti og grænmeti, kornvöru, hrísgrjón, pasta, te, kaffi, matarolíur og fleira. Engu að síður eru lagðir tollar á margar vörur sem engin framleiðsla er á innanlands. Þar má nefna osta úr annarri mjólk en kúamjólk, kjöt af skepnum sem aldrei hafa þrífzt á Íslandi, lífrænar afurðir sem ekkert framboð er á innanlands og þannig mætti áfram telja. Með þessum innflutningshömlum er ekki verið að vernda hefðbundinn, innlendan landbúnað nema þá hugsanlega að því marki að dregið er úr hvata til nýsköpunar og vöruþróunar hjá innlendum framleiðendum af því að samkeppninni er haldið úti með háum tollum.

Brýn þörf er á að endurskoða fyrirkomulag tolla á innfluttar landbúnaðarafurðir í heild og draga verulega úr tollverndinni þannig að innlendum landbúnaður fái sanngjarna, erlenda samkeppni. Félag atvinnurekenda mun á næstunni leggja fram tillögur í því efni, sem félagið telur að myndu

nýtast við þá stefnumótun sem lögð er til í þingsályktunartillögunni. Ekki er einvörðungu nauðsynlegt að lækka tollana, heldur þarf að breyta aðferðum við úthlutun tollkvóta, sem hafa reynzt einkar íþyngjandi fyrir innflytjendur. Uppboð á tollkvótunum hefur unnið gegn verðlækkun innfluttu vörunnar.

Félag atvinnurekenda mælir með samþykkt þingsályktunartillögunnar en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA